

Kennsluáætlun

Námsgrein hönnun og smíði, 2019-2020

Bekkur 4.

Kennari Ragnheiður Harpa Sveinsdóttir

Verkgreinar í grunnskóla eiga það sameiginlegt að stuðla að alhliða þroska nemenda og búa þá undir daglegt líf og frekara nám á sviði verkgreina. Undir verkgreinar heyra hönnun og smíði, textílmennt og heimilisfræði. Í þeim fá nemendur tækifæri til að beita ímyndunaraflinu sínu, sköpunargáfu, þekkingu og verkfærni til að takast á við umhverfi sitt í markvissum tilgangi. Nemendur þjálfa hæfileika til að leita lausna á vandamálum, verða sjálfstæðir í verki, og læra að líta eigin verk og ákvarðanir gagnrýnum augum. Verklegr kunnátta hvílir á hefðum, tækni og verklagi sem mikilvægt er að nýjar kynslóðir tileinki sér. Nemandinn fæst við verkefni sem hæfa þroska hans, gerir tilraunir og nýtir tækni í vinnu sinni. Þetta eykur sjálfsöryggi og starfsánægju og gefur jafnframt tækifæri til sköpunar.

Kennsla verkgreina er liður í því að skapa virðingu og jákvætt viðhorf til verklegrar vinnu og er einnig undirbúningur undir framhaldsnám í verklegum greinum. Hlutverk kennarans er að leiða nemandann þannig að hann verði sjálfstæður í verki, öðlist færni í að leysa vandamál, þjálfi eigið fagurskyn og skynhreyfifærni. Verkgreinar eru því hvoru tveggja góður undirbúningur undir lífið og frekara nám.

Markmið

Í hönnun og smíði er áhersla lögð á að nemandinn verði sjálfstæður í verki og öðlist færni í að smíða hluti með fjölbreyttum efnum, verkfærum og tækni. Hann öðlist þekkingu og færni sem hann getur yfirfært á starfsvettvang, tómstundir eða heimilishald. Lögð er áhersla á að nemandinn sé virkur í hönnunarferli og móti útlit og uppbyggingu hluta miðað við notkun þeirra. Þar fléttast einnig inn áhersla á nýsköpun og hagnýtingu þekkingar. Nemandinn hefur þannig áhrif á umhverfi sitt og er um leið hvattur til að sýna umhverfinu nærgætni og virðingu.

Kennar velur nokkur grunnverkefni í smíðum sem nemandi er svo frjást að útfæra á sinn hátt. Einnig verður kynning og kennsla að útbúa sínar vinnuteikningar og vinna eftir þeim. Það er áhersla á að efla sköpunarþrá, frjóa hugsun og vönduð vinnubrögð og síðast en ekki síst að fullvinna allt.

Nemandanum er gert að vinna úr efni út frá gefinni forskrift að lausn og útliti hlutar (ákveðið verkefni lagt fyrir). Þá er nemandanum gefinn kostur á að yfirfæra reynslu sína í verkefnið. Vísað er til lokamarkmiða í Hönnun og smíði sem finna má í Aðalnámsskrá Grunnskóla 2013.

Undirbúningur

Handverk:

- Nemandi getur valið helstu verkfæri og mælitæki
- Gert sér grein fyrir nokkrum smíðaeffnum sem unnið er með
 - Matsviðmið:
 - farið eftir fyrirmælum
 - Notað á réttan og öruggan hátt þau verkfæri sem unnið er með
 - Þekkja muninn á gegnheilum og endurunnum við

Hönnun og tækni:

- Framkvæmt einfaldar samsetningar
- Unnið verkefni frá hugmynd að fullunnum hlut með áherslu á form og útlit.
- Greint einfaldarþarfir í umhverfi sínu og rætt nokkrar lausnir.
- Sagt frá orkugjöfum sem nota má í smíðaverkefnum og nýta virknipætti í smíðsgripum, s.s. vogarafl, gorma og teygjur
 - Matsviðmið:
 - Skreytt verkefni sín á persónulegan hátt
 - Sýnt vönduð vinnubrögð
 - Nefnt algeng tæki sem notuð er á heimilinu og nefnt nokkur dæmi um daglegar þarfir og lausnaleyðir í nærumhverfinu.

Umhverfi:

- Valið efni út frá umhverfissjónarmiðum og sagt frá kostum þess að nota efni úr nærumhverfi,
- Beitt líkamanum rétt við vinnu og sýnt rétta notkun hlífðarbúnaðar.
 - Matsviðmið:
 - Nefnt dæmi um endurnýtingu
 - Farið eftir reglum í smíðastofu og skilur mikilvægi þess að gæta öryggis í umgegni við vélar og tæki.

Nemandi á að geta unnið eftir fyrirmælum og tekið leiðsögn á jákvæðan hátt. Sett fram verkáætlun um efnistösk og úrlausn verkefna. Útskýrt hugmyndir sínar með fríhendisteikningu. Miðlað af þekkingu sinni og leikni. Notað ýmis verkfæri, vélar og miðla til að vinna að sköpun sinni. Sýnt fram á að það er hægt að nota efnivið úr nærumhverfi sínu og endurnýta efni.

Námsefni: Vinnulýsingar og verkefni frá kennara

Verkefni

- Mynd með nöglum og garni.
- Trékallar – Samþætt við textíl (statíf fyrir húfu og trefil)
- Öryggisfræðsla. Fjallað er um vélar og tæki, öryggisrofa, merkingar og eldvarnir.
- Frjáls viðfangsefni. Með frjálsu verkefnavali er nemandanum gefinn kostur á að yfirfæra þekkingu sína sem hann hefur öðlast í smíðastofunni. Nemandinn hefur kost á að velja milli margskonar efna sem hann hefur unnið úr áður (kennari bendir á endurnýtingu). Nemandinn skapar smíðisgripina sjálfur og gerir af honum vinnuteikningar sem hann svo notar við smíðina.

Námsmat:

Stuðst er við frammistöðumat með tilheyrandi matskvarð þar sem m.a. virkni og vinnubrögð í tímum eru metin. Auk þess er horft til allra hæfnimarkmiða og einstakir matsþættir valdir og metnir sérstaklega. Einkunn er gefin í bókstöfum og byggist hún á heildarútkomu nemandans samkvæmt ofangreindum matskvarða.

Birt með fyrirvara um breytingar

Ragneiður Harpa Sveinsdóttir